

Umsögn nefndar

skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands
um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra
sem auglýst var laust til umsóknar 2. júní 2014.

Reykjavík, 17. júlí 2014

1. Umsækjendur um embætti seðlabankastjóra

Með bréfi dags. 30. júní 2014 fól fjármálaráðherra nefnd skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum að leggja mat á hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra sem auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði og á vefnum 2. júní 2014.

Um embætti seðlabankastjóra sóttu Ásgeir Brynjar Torfason, Friðrik Már Baldursson, Haukur Jóhannsson, Íris Arnlaugsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Már Guðmundsson, Ragnar Árnason, Sandra María Sigurðardóttir, Yngvi Örn Kristinsson og Þorsteinn Þorgeirsson.

Umsögn nefndarinnar um umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Embætti seðlabankastjóra var auglýst laust til umsóknar 2. júní 2014. Auglýsingin var svohljóðandi:

Embætti bankastjóra Seðlabanka Íslands laust til umsóknar

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar bankastjóra Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Aðeins er hægt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri skal fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Seðlabankastjóri stýrir Seðlabanka Íslands og ber ábyrgð á rekstri hans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands. Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Gerð er krafa um stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Við skipun í embættið mun fjármála- og efnahagsráðherra, skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum, skipa þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um stöðuna. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun viðkomandi, starfsferil og reynslu. Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. b-lið 28. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum. Umsóknarfrestur er til föstudagsins 27. júní 2014. Vinsamlega sendið umsóknir og

starfsferilskrár til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík eða á netfang ráðuneytisins postur@fjr.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Eins og fram kemur hér að framan skal ráðherra við skipun í embætti seðlabankastjóra skipa þriggja manna nefnd er hafi það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Með bréfi dags. 30. júní 2014 skipaði fjármálaráðherra í nefndina Guðmund Magnússon, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, Ólöfu Nordal, formann bankaráðs Seðlabanka Íslands, samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og Stefán Eiríksson, lögfræðing, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar án tilnefningar.

Fram kom í skipunarbréfi nefndarinnar að verkefni hennar væri að leggja mat á hæfni umsækjenda til að gegna embætti seðlabankastjóra. Óskað var eftir því að nefndin skilaði rökstuddri umsögn um hæfni hvers umsækjanda og rökstuddu álit á því hverja nefndin teldi hæfasta meðal umsækjenda. Mælt var fyrir um það að umsækjendur yrðu flokkaðir í fjóra eftirfarandi flokka eftir hæfni samkvæmt mati nefndarinnar;

1. mjög vel hæfur
2. vel hæfur
3. hæfur
4. ekki hæfur.

Við mat á hæfni umsækjenda var lagt fyrir nefndina að hafa m.a. til hliðsjónar eftirtalin atriði;

1. menntun
2. starfsferil
3. reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum
4. stjórnunarhæfileika
5. hæfni í mannlegum samskiptum.

Í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, segir að seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Í nefndarálitni meirihluta viðskiptanefndar við það frumvarp til laga sem síðar varð að lögum nr. 5/2009 er fjallað um þetta hæfnisskilyrði og nefnt í dæmaskyni að undir tengdar greinar gætu fallið viðskiptafræði, rekstrarhagfræði, fjármálaverkfræði eða – stærðfræði, tölfraði við hagrannsóknir, fjármála- og viðskiptalögfræði, o.fl.

Seðlabankastjóri skal ennfremur fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Líkt og við á almennt um skipun í embætti hjá hinu opinbera er í öðrum lögum að finna ákvæði sem taka verður tillit til við málsmeðferð og mat á hæfni umsækjenda. Þar á meðal eru stjórnisýslulög nr. 37/1993 og lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla auk áðurnefndra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

3. Málsmeðferð

Hinn 2. júlí 2014 ritaði formaður hæfnisnefndarinnar umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna og þeim er heldur ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valdi vanhæfi þeirra í máli þessu.

Nefndin fór í upphafi starfs síns yfir umsóknir hvers og eins umsækjanda sem og fylgigögn með umsóknum þeirra. Það var mat nefndarinnar eftir fyrstu yfirferð að þrír af umsækjendunum tíu, Haukur Jóhannsson, Íris Arnlaugsdóttir og Sandra María Sigurðardóttir uppfylltu ekki þá kröfu sem fram kemur í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum að hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum. Var þeim gerð grein fyrir þessari niðurstöðu nefndarinnar með tölvupósti formanns nefndarinnar 8. júlí 2014. Jafnframt var þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum vegna þessarar niðurstöðu nefndarinnar fyrir 14. júlí 2014. Engar athugasemdir bárust nefndinni frá þeim.

Tveir nefndarmanna, Stefán Eiríksson og Guðmundur Magnússon, ræddu við umsækjendur 14. og 15. júlí 2014 og var höfð hliðsjón af viðtölunum við gerð þessarar umsagnar. Rætt var

við sjö umsækjendur og var viðtalið staðlað, þ.e. allir umsækjendur fengu sömu spurningar til að svara. Spurningar nefndarinnar má sjá í fylgiskjali 1.

Nefndin hefur undir höndum niðurstöður hæfnisnefndar sem skipuð var árið 2009 samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum til að leggja mat á hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra. Jafnframt hefur nefndin undir höndum athugasemdir einstakra umsækjenda við niðurstöður þess hæfnismats. Tveir úr hópi umsækjenda nú, Már Guðmundsson og Yngvi Örn Kristinsson, voru þá á meðal umsækjenda og sendi annar þeirra, Yngvi Örn, inn athugasemdir vegna þess hæfnismats. Einn nefndarmanna í núverandi hæfnisnefnd, Guðmundur Magnússon, sat einnig í nefndinni árið 2009.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur og hæfni þeirra

Hér á eftir verður næst reifað stutt ágríp um menntun, starfsferil og reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum hvers umsækjanda um sig sem að mati nefndarinnar uppfylla grundvallarhæfnisskilyrði laga um Seðlabanka Íslands. Engar upplýsingar eru fyrirleggjandi um að umsækjendur uppfylli ekki almenn starfsgengisskilyrði 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gengur nefndin því út frá því í sínu mati að allir umsækjendur uppfylli þau skilyrði. Í 5. kafla er síðan að finna mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á hæfni þeirra á grundvelli þeirra sjónarmiða sem reifuð eru hér að framan í kafla 2. Upplýsingar þær sem hér er að finna eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna sem falla undir framangreind hæfnisskilyrði.

Ásgeir Brynjar Torfason er fæddur 7. október 1972 og er því 41 árs gamall. Hann er með menntun á sviði hagfræði og heimspeki í grunnnámi á háskólastigi til BA gráðu við Háskóla Íslands, auk alþjóðlegs stjórnunarnáms til MBA gráðu frá Handelshøyskolen BI í Noregi 2001. Undanfarin ár hefur hann unnið að rannsóknum á fjármálamörkuðum, fjárfestingarstarfsemi og bankarekstri með tengsl við peningahagfræði, reikningsskilakennningar og sögu hagfræðikenninga í tengslum við fjármálakrísur. Þessu rannsóknarnámi lauk með licentiate gráðu (Licentiate of Philosophy in Business Administration) árið 2010 og doktorsgráðu, PhD, (Degree of Doctor of Philosophy in Business Administration) sl. vor frá Háskólanum í Gautaborg. Þá kemur fram í umsókn hans

að hann hafi að auki helgað sig frekari þekkingaröflun og rannsóknum á sviði banka, seðlabanka, fjármálastöðugleika og fjármálakreppufræði með viðbótarnámskeiðum auk þess að hafa komið mikið að vinnu um nýsköpun á sviði hagfræðihugmynda.

Hvað starfsferil hans varðar skal nefnt að hann var skrifstofustjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs Háskóla Íslands 2001 til 2005 og frá 2005 til 2008 starfaði hann sem svæðisstjóri Prologis á Norðurlöndum, en um er að ræða alþjóðlegan fasteignafjárfestingasjóð. Bar hann í því starfi ábyrgð á allri samningagerð við fjárfestingar, fjármögnun, lóðakaup og nýbyggingar stórra verkefna. Hann hóf síðan doktorsnám við Gautaborgarháskóla árið 2008. Samhliða því námi kenndi hann árlega námskeið við skólann um greiningu ársreikninga og var auk þess gestafyrirlesari í ýmsum námskeiðum um stjórnun í fjármálakrísum, bæði grunnnámi og meistaranámi. Þá kom hann einnig að kennslu í sérsniðnu námskeiði skólans fyrir fjármálastjóra í sænskum sparisjóðum.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn hans sem og yfirlit yfir rannsóknir hans, útgefið efni og fleira.

Friðrik Már Baldursson er fæddur 11. apríl 1957 og er því 57 ára gamall. Hann lagði stund á stærðfræðinám við Háskóla Íslands 1976-1978 og lauk B.Sc. gráðu í stærðfræði og stærðfræðilegri tölfraði frá Háskólanum í Gautaborg 1982, doktorsprófi, PhD, í tölfraði og hagnýtri líkindafræði frá Columbia University í Bandaríkjunum 1985 og M.Sc. prófi í hagfræði frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands 1994.

Að loknu doktorsprófi í tölfraði frá Columbia háskólanum í New York árið 1985 starfaði hann sem lektor við skólann í þrjú ár, en flutti þá til Íslands og hóf störf við Þjóðhagsstofnun með ábyrgð á gerð þjóðhagslíkans. Hann varð forstöðumaður hagrannsóknna hjá Þjóðhagsstofnun 1994 og árið 1998 var hann settur forstjóri Þjóðhagsstofnunar í rúmt ár í fjarveru skipaðs forstjóra. Hjá Þjóðhagsstofnun starfaði hann í samtals tólf ár og öðlaðist þar reynslu og þekkingu í greiningu og umfjöllun um efnahags- og peningamál. Fram kemur í umsókn hans að þessi þekking og reynsla hafi komið honum að góðum notum þegar hann veitti McKinsey ráðgjöf við gerð skýrslu um Ísland árið 2012 og síðan í verkefnastjórn Samráðsvettvangs um aukna hagsæld sem hann veitti forstöðu árið 2013. Árið 1999 hóf hann rannsóknarstörf við Háskóla Íslands og varð síðan prófessor í hagfræði við skólann árið 2003. Árið 2007 flutti hann sig yfir til Háskólans í Reykjavík og hefur starfað þar síðan sem prófessor í hagfræði. Honum hafa verið falin stjórnunarstörf við báða háskólana, hann var forseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands 2006-2007 og forseti viðskiptadeildar

Háskólans í Reykjavík 2009-2013. Af ferilskrá hans má ráða að hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum á opinberum og akademískum vettvangi. Þá hefur hann góða reynslu af alþjóðlegum samskiptum og samstarfi. Í október 2008 var honum t.a.m. falið að leiða samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn af hálfu Íslands og lauk því verkefni með samkomulagi milli sjóðsins og íslenskra stjórnvalda. Hann hefur setið í stjórnnum fyrirtækja og stofnana á borð við Símann, Landsnet, Fjarskiptasjóð og Hafrannsóknarstofnun.

Hann hefur verið virkur í norrænu samstarfi og rannsóknum á sviði auðlindamála, en á síðari árum hefur áhugi hans beinst að peninga- og gengismálum í auknum mæli. Nefnir hann í því sambandi í umsókn sinni nýlega rannsókn sína á fjármagnshöftum og þeim vanda sem uppgjör á þrotabúum gömlu bankanna skapi við afnám haftanna og hvað sé til ráða í því sambandi.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn hans þar sem finna má ritaskrá, yfirlit yfir erindi, skipulagningu ráðstefna, styrki o.fl.

Lilja Mósesdóttir er fædd 11. nóvember 1961 og er því 52 ára gömul. Hún lauk hagfræðinámi frá Háskólanum í Iowa í Bandaríkjunum 1984 og bætti við sig viðskiptafræðinámskeiðum til að ljúka svokallaðri B.B.A. gráðu (Bachelor of Business Administration). Hún lauk meistaraprófi í hagfræði frá Háskólanum í Sussex á Bretlandi 1988 á sviði þróunarhagfræði. Árið 1999 lauk hún doktorsgráðu (D.Phil) frá viðskiptaháskóla (UMIST) Háskólans í Manchester á sviði pólitískrar hagfræði.

Hún hefur að baki fjölbreytta reynslu á sviði stjórnunar- og sérfræðistarfa hjá einkaaðilum og opinberum aðilum, hefur sinnt kennslu, rannsóknum og öðrum störfum á háskólastigi og starfað á alþjóðlegum vettvangi, m.a. sem verkefnisstjóri stórra evrópskra rannsóknarverkefna. Hún sat á Alþingi 2009-2013 og var m.a. formaður viðskiptanefndar Alþingis 2009-2011 og tók þar þátt í endurmótun á lagaumgjörð fjármálakerfisins í kjölfar bankahrunsins 2008. Hún átti auk þess sæti í efnahags- og skattanefnd (síðar efnahags- og viðskiptanefnd) Alþingis bæði sem varaformaður og nefndarmaður allt kjörtímabilið. Hún vinnur í dag hjá rannsóknarstofnun í Noregi, þar sem hún hefur umsjón með umsóknum til Norska rannsóknarráðsins og rannsóknar- og þróunaráætlunar ESB auk þess sem hún tekur þátt í að greina framtíðarþróun norræna velferðarmóðelsins eins og fram kemur í umsókn hennar.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn hennar þar sem m.a. má finna ritaskrá, yfirlit yfir rannsóknarverkefni, kennslustörf og fleira.

Már Guðmundsson er fæddur 21. júní 1954 og er því sextugur að aldri. Hann lagði stund á hagfræði og stærðfræði í Háskólanum í Gautaborg 1976-1977 og lauk BA-(honours) gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Essex á Bretlandi 1979. Sérhæfði hann sig á sviði þjóðhagfræði, peningahagfræði og hagrannsókna. Hann lauk M-phil. gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Cambridge á Bretlandi 1980 og sérhæfði sig þar á sviði hagfræðikenninga og hagnýtra hagrannsókna. Hann lagði stund á doktorsnám við sama skóla 1987-1989 þar sem umfjöllunarefnið var gengisstefna og náttúruauðlindir.

Már hefur frá árinu 2009 gegnt embætti seðlabankastjóra. Árin 2004-2009 var hann aðstoðarframkvæmdastjóri peningamála- og hagfræðisviðs Alþjóðagreiðslubankans í Basel í Sviss (BIS) og átti sæti í yfirstjórn bankans. Árin 1994-2004 var hann aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands og framkvæmdastjóri hagfræðisviðs bankans en áður á árabílinu 1991-1994 hafði hann starfað sem forstöðumaður við hagfræðisvið bankans og sem hagfræðingur við hagfræðideild bankans á árabílinu 1980-1987. Á árunum 1988-1991 var hann efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra. Af öðrum störfum hans má nefna að hann var 2002-2004 formaður nefndar á vegum Reykjavíkurborgar um orkustefnu, sat í stjórn Íslenska járnblendifélagsins 2000-2003, var á árunum 1998-1999 ráðgjafi á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við seðlabankann í Trínidad og Tóbago, sat í nefnd um endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands 1991-1992 og var formaður stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 1989-1991.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn hans þar sem m.a. má finna upplýsingar um ræður og þátttöku í ráðstefnum, útgefnar greinar og ritgerðir og fleira.

Ragnar Árnason er fæddur 6. febrúar 1949 og er því 65 ára gamall. Hann lauk prófi í viðskiptafræði (Cand. Oecon) og stjórnmálafræði (BA) frá Háskóla Íslands 1974 og M.Sc. gráðu (Economics) frá London School of Economics í Bretlandi 1975 og M.Sc. gráðu frá sama skóla 1977 (Econometrics). Hann lauk doktorsgráðu í hagfræði (Ph.D.) frá University of British Columbia í Kanada 1984 og bar doktorsritgerð hans yfirskriftina „Efficient Harvesting of Fish Stocks: The Case of the Icelandic Demersal Fisheries.“

Hann hefur um árabil kennt mörg námskeið í hagfræði við Háskóla Íslands og í háskólum í Bandaríkjunum og Kanada, þar á meðal námskeið á sviði fjármála og hagrannsókna. Frá árinu 1989 hefur hann gegnt starfi prófessors í fiskihagfræði við hagfræðideild Háskóla Íslands. Á árunum frá 1979 til 1989 starfaði hann sem sérfræðingur við reiknifræðistofu raunvísindadeildar Háskóla Íslands (1979-1980) og sem lektor (1980-1986) og dósent (1986-1989) í hagfræði við viðskiptadeild sama skóla. Árin 1977-1980 starfaði hann sem aðstoðarrannsóknarmaður og –kennari við University of British Columbia í Kanada og sem hagfræðingur á Þjóðhagsstofnun í sumar- og jólahefnum árin 1974-1977.

Hann hefur sömuleiðis um árabil lagt stund á rannsóknir á sviði efnahagsmála, þar á meðal á fjármálum og peningamálum, með mörgum útgáfum í alþjóðlegum fræðiritum. Fram kemur í umsókn hans að hann sé og hafi lengi verið í hópi þeirra kennara Háskóla Íslands sem flest rannsóknarstig hafa. Af alþjóðlegu starfi kemur fram í umsókn hans að hann hafi unnið fyrir Alþjóðabankann, FAO, Sameinuðu þjóðirnar og OECD. Jafnframt hafi hann unnið með ríkisstjórnnum margra ríkja að efnahagsþróunarmálum, einkum á sviði skipulags fiskveiða og sjávarútvegs.

Af stjórnunarreynslu hans má nefna að hann var formaður hagfræðiskorar Háskóla Íslands 1988-1989 og 1990-1992, varaforseti viðskipta- og hagfræðideildar 1994-1995, forseti viðskipta- og hagfræðideildar 1995-1997. Hann hefur verið formaður stjórnar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 1992 og sat í stjórn Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands 1992-2002, þar af sem formaður 1992-1998. Af stjórnunarstörfum utan háskólasamfélagsins má nefna að hann var í stjórn Kaupþings hf. 1982-1986 og einn af stofnendum þess og situr og hefur átt sæti í fjölmörgum stjórnnum opinberra sjóða, sjálfseignarstofnana, ráðgjafarfyrirtækja o.fl. Hann hefur setið í bankaráði Seðlabanka Íslands frá árinu 2009.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn hans þar sem fram koma upplýsingar um fræðistörf hans, rannsóknir, ritstjórn fræðirita, stjórnunarstörf, útgefin rit og greinar og fleira.

Yngvi Örn Kristinsson er fæddur 16. október 1956 og er því 57 ára gamall. Hann nam hagfræði og stærðfræði við Háskólann í Gautaborg 1976-1977, lauk BA (Econ) frá University of Essex á Bretlandi 1979 og M.Sc. frá London School of Economics í Bretlandi 1980 auk þess sem hann hefur sótt ýmis námskeið hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Swiss National Bank, Federal Reserve Bank of New York og Bank of England.

Hann starfaði við hagfræðideild Seðlabanka Íslands 1980-1987, var forstöðumaður tölfræði og rannsókna á peningamálasviði Seðlabanka Íslands 1987-1993, forstöðumaður tölfræðisviðs bankans 1993-1994 og framkvæmdastjóri peningamálasviðs 1994-2000 með setu í bankaráði. Hann var bankastjóri Bunadarbanki International S.A. í Lúxemborg 2000-2001, framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs Búnaðarbanka Íslands 2001-2003 og framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs Landsbanka Íslands 2003-2008. Hann var yfirmaður hagfræðideildar Landsbankans NBI 2008-2009 og sjálfstætt starfandi ráðgjafi 2009-2011. Frá árinu 2011 hefur hann verið hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja. Hann hefur átt sæti í ýmsum nefndum og stjórnnum og var m.a. formaður Sambands íslenskra bankamanna um nokkurra ára skeið og formaður Húsnæðismálastjórnar. Hann hefur verið virkur í alþjóðlegu samstarfi í störfum sínum og unnið náið með alþjóðastofnunum svo sem seðlabönkum nágrannalanda, OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, BIS og EFTA.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn hans með upplýsingum um nefndastörf, ritstörf, þátttöku í samningu lagafrumvarpa auk nánari lýsinga á starfsferli og fleira.

Þorsteinn Þorgeirsson er fæddur 17. september 1955 og er því 58 ára gamall. Hann lauk BA námi í hagfræði frá American University, Washington D.C. 1979, MA (Econ) í hagfræði frá Vanderbilt University í Bandaríkjunum 1988, stundaði doktorsnám í hagfræði við New School for Social Research og lauk þar A.B.D. (Econ) gráðu 1999 og M.Phil. gráðu (Econ) árið 2005.

Samhliða BA-námi í hagfræði í Bandaríkjunum starfaði hann í byrjun níunda áratugarins sem aðstoðarmaður á skrifstofu Larry P. McDonald fulltrúardeildarþingmanns og áður en hann hóf meistaranám í hagfræði starfaði hann sem hagfræðingur í sumarafleysingum hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Samhliða því námi starfaði hann sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga við markaðsrannsóknir og árin 1984-1985 við stjórn markaðsmála hjá fyrirtækinu Gould Electronics, Inc. í Bandaríkjunum. Árin 1986-1990 starfaði hann sem ráðgjafi hjá hagspár- og upplýsingafyrirtækinu DRI/McGraw-Hill, Inc. í Bandaríkjunum þar sem hann aðstoðaði hagdeildir stórfyrirtækja við markaðsrannsóknir og áætlanagerð. 1991-1993, samhliða doktorsnámi í hagfræði við New School for Social Research, starfaði hann sem hagfræðingur í hagfræðideild Seðlabanka Íslands og að loknum skriflegum prófum til doktorsgráðu tók hann við starfi við hagfræðideild EFTA í Genf og starfaði þar 1993-1995. Þar voru helstu verkefni hans m.a. að móta alþjóðlegt samstarf EFTA og ESB-ríkjanna á grundvelli EES samningsins varðandi stjórn efnahagsmála. 1995-2000

starfaði hann sem hagfræðingur hjá hagfræðideild OECD í París. Fyrstu þrjú árin fylgdist hann með efnahagsmálum Noregs og Finnlands og lagði mat á æskilega stefnumótun í peningamálum, opinberum fjármálum og hagskipulagsmálum í efnahagsskýrslum stofnunarinnar fyrir löndin tvö. Seinni þrjú árin starfaði hann á peninga- og fjármálasviði hagfræðideildar OECD við rannsóknir á fjármálum aðildarríkja OECD. Árin 2001-2004 starfaði hann sem hagfræðingur Samtaka iðnaðarins og haustið 2004 var hann skipaður skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og starfaði þar til 2009 þegar hann fór til starfa í Seðlabanka Íslands sem ráðgjafi bankastjóra og sinnir því starfi í dag.

Ítarleg ferilskrá fylgir umsókn hans þar sem fram koma nánari upplýsingar um störf hans og helstu verkefni, greinar og fleira auk ljósrita af tveimur nýlegum greinum eftir hann.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1 Menntun

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, skal seðlabankastjóri hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum. Í nefndaráliti meirihluta viðskiptanefndar við það frumvarp til laga sem síðar varð að lögum nr. 5/2009 er fjallað um þetta hæfnisskilyrði og nefnt í dæmaskyni að undir tengdar greinar gætu fallið viðskiptafræði, rekstrarhagfræði, fjármálaverkfræði eða –stærðfræði, tölfræði við hagrannsóknir, fjármála- og viðskiptalögfræði, o.fl.

Allir þeir sjö umsækjendur sem fjallað er um hér að framan uppfylla þetta lagaskilyrði. Fimm þeirra hafa auk grunn- og meistaranáms í háskóla lokið doktorsprófi, þ.e. Ásgeir Brynjar Torfason, Friðrik Már Baldursson, Lilja Mósesdóttir og Ragnar Árnason. Tveir umsækjendur til viðbótar hafa lagt stund á doktorsnám, Már Guðmundsson og Þorsteinn Þorgeirsson. Það er mat nefndarinnar að þeir fjórir umsækjendur sem lokið hafa doktorsprófi teljist á grundvelli þess og annars náms allir mjög vel hækir til þess að gegna embætti seðlabankastjóra með hliðsjón af framangreindum menntunarkröfum laganna. Sama mat hljóta þeir Már Guðmundsson og Þorsteinn Þorgeirsson sem báðir hafa auk annars náms lagt stund á doktorsnám í hagfræði og tengdum greinum. Yngvi Örn Kristinsson telst vel hækir til þess að gegna embætti seðlabankastjóra með hliðsjón af þessu skilyrði.

5.2 Starfsferill

Þeir sjö umsækjendur sem hér um ræðir eiga að baki fjölbreyttan starfsferil. Friðrik Már Baldursson á að baki starfsferil og stjórnunarferil hjá Þjóðhagsstofnun og innan háskólasamfélagsins á sviði hagfræði, efnahags- og peningamála auk annarra stjórnunar- og trúnaðarstarfa. Lilja Mósesdóttir á að baki fjölbreyttan feril stjórnunar- og sérfræðistarfa auk þess sem hún hefur sinnt kennslu og sat á Alþingi í fjögur ár og gegndi þar m.a. nefndarformennsku um skeið. Starfsferill Mús Guðmundssonar er að stórum hluta í Seðlabanka Íslands bæði í sérfræðistörfum og stjórnunarstörfum, nú síðast sem seðlabankastjóri sl. fimm ár. Þá gegndi hann stjórnunarstöðu hjá Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss og var efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra 1988 til 1991. Starfsferill Ragnars Árnasonar er einkum innan háskólasamfélagsins þar sem hann hefur sinnt kennslu og rannsóknum auk ýmissa stjórnunarstarfa, en hann hefur einnig sinnt ýmsum öðrum stjórnunarstörfum utan háskólasamfélagsins, þar á meðal setið í bankaráði Seðlabanka Íslands sl. fimm ár. Yngvi Örn Kristinsson á að baki fjölbreyttan starfsferil sem sérfræðingur og stjórnandi innan Seðlabanka Íslands og í almennri bankastarfsemi um margra ára skeið. Þorsteinn Þorgeirsson á sömuleiðis að baki fjölbreyttan starfsferil, bæði á Íslandi og erlendum vettvangi, þar á meðal störf fyrir EFTA og OECD. Hann var skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins um fimm ára skeið og hefur undanfarin ár starfað sem ráðgjafi seðlabankastjóra. Þessir umsækjendur eru að mati nefndarinnar allir mjög vel hæfir til að gegna embætti seðlabankastjóra með hliðsjón af starfsferli. Ásgeir Brynjar Torfason hefur í samanburði við aðra umsækjendur ekki jafn víðtækan og fjölbreyttan starfsferil, en hann lauk fyrr á þessu ári doktorsnámi. Hann telst engu að síður vel hæfur með hliðsjón af starfsferli sínum til að gegna embætti seðlabankastjóra.

5.3 Reynsla og þekking á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningámálum

Í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, sbr. 3. gr. laga nr. 5/2009, segir að seðlabankastjóri skuli búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningámálum. Ekki er að finna í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 5/2009, eða nefndarálitni meirihluta viðskiptanefndar, sem lagði til breytingar á orðalagi ákvæðisins í meðförum þingsins, leiðbeiningar um hvernig meta eigi þessa reynslu og þekkingu eða til hvaða atriða eigi sérstaklega að horfa.

Nefndin hefur í þessum efnum sérstaklega litið til reynslu af störfum við stjórn peningamála, til starfa á fjármagnsmarkaði og rannsóknarstarfa, einkum á sviði peningamála. Það er mat nefndarinnar að allir þeir sjö umsækjendur sem hér eru til umfjöllunar uppfylli þetta skilyrði.

Þrír umsækjenda, Friðrik Már Baldursson, Már Guðmundsson og Ragnar Árnason, eru að mati nefndarinnar mjög vel hæfir með hliðsjón af þessari hæfniskröfu. Ástæðan er sú víðtæka og fjölbreytta þekking þeirra og reynsla af störfum, rannsóknum og kennslu á sviði fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamála sem þeir búa yfir og vísað er til hér að framan. Lilja Mósesdóttir, Yngvi Örn Kristinsson og Þorsteinn Þorgeirsson eru vel hæf með hliðsjón af þessu skilyrði að mati nefndarinnar. Ásgeir Brynjar Torfason er hæfur að mati nefndarinnar samkvæmt þessu skilyrði.

5.4 Stjórnunarhæfileikar

Við mat á stjórnunarhæfileikum umsækjenda, sem lagt var fyrir nefndina í skipunarbréfi hennar að meta sérstaklega, var fyrst og fremst horft til upplýsinga frá umsækjendum um störf sín og verkefni sem flokka má til stjórnunarstarfa. Tveir umsækjenda, Friðrik Már Baldursson og Már Guðmundsson, hafa reynslu af því að veita opinberum stofnunum forstöðu, þar af hefur Már stýrt Seðlabanka Íslands undanfarin fimm ár. Þeir ásamt Ragnari Árnasyni, Yngva Erni Kristinssyni og Þorsteini Þorgeirssyni búa einnig yfir þeirri reynslu að hafa stýrt deildum og sviðum innan stofnana, háskóla og fyrirtækja um langt skeið. Lilja Mósesdóttir býr að mikilvægri reynslu sem stjórnandi þingnefndar auk fjölbreyttra annarra stjórnunarstarfa á ýmsum sviðum. Ásgeir Brynjar Torfason býr að stjórnunarreynslu innan stjórnsýslu Háskóla Íslands og hjá einkafyrirtækjum. Ekkert hefur komið fram í vinnu nefndarinnar annað en að umsækjendur hafi sinnt stjórnunarstörfum sínum af kostgæfni og er því ekki tilefni til að gera greinarmun á hæfni þeirra hvað stjórnunarhæfileika varðar þó stjórnunarreynsla þeirra sé mismunandi löng eins og fram kemur í umfjöllun um hvern og einn umsækjanda í fjórða kafla.

5.5 Hæfni í mannlegum samskiptum

Með sama hætti var lagt fyrir nefndina að meta hæfni umsækjenda í mannlegum samskiptum. Við mat á þessum þætti var einkum stuðst við viðtöl tveggja nefndarmanna við umsækjendur sem fóru fram 14. og 15. júlí 2014. Í þessum viðtölum komu allir umsækjendur vel fyrir og er á grundvelli þeirra engin forsenda til að gera upp á milli þeirra með hliðsjón af þessum hæfnisþætti. Þá bárust nefndinni engin gögn eða upplýsingar um einstaka umsækjendur sem bentu til þess að eitthvað skorti upp á hæfni í mannlegum samskiptum. eru því ekki forsendur til að gera greinarmun á hæfni þeirra hvað þennan hæfnisþátt varðar.

6. Niðurstaða hæfnisnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þá þætti sem nefndinni ber að líta til við mat á hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra samkvæmt lögum, auglýsingu um embætti seðlabankastjóra og skipunarbréfi nefndarinnar. Þeir hæfnisþættir sem þar koma fram hafa eðli málsins samkvæmt ólíkt vægi innbyrðis. Þau skilyrði sem þyngst vega í þessum efnunum eru þau sem talin eru upp í 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum auk hinna almennu starfsgengisskilyrða skv. 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skilyrði þau sem talin eru upp í 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands eru að viðkomandi hafi lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búi yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Seðlabankastjóri stýrir Seðlabanka Íslands og ber ábyrgð á rekstri hans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands. Því er rétt og málefnalegt að gera kröfu til þess að seðlabankastjóri búi yfir stjórnunarhæfileikum og hæfni í mannlegum samskiptum eins og krafa er gerð um í auglýsingu um embættið.

Niðurstaða nefndarinnar er reist á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda þar sem þyngst vega þeir þættir sem taldir eru upp í lögum. Matið er einkum byggt á þeim þáttum sem raktir eru í köflum 5.1 til 5.3 hér að framan, þar sem ekki eru forsendur til þess að gera greinarmun á umsækjendum með hliðsjón af þeim hæfnisþáttum sem eru til umfjöllunar í köflum 5.4 og 5.5 eins og áður er rakið.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, er það niðurstaða nefndarinnar að þrír umsækjendur standi öðrum umsækjendum framar og teljist allir mjög vel hæfir til að gegna embætti seðlabankastjóra. Þetta eru Friðrik Már Baldursson, Már Guðmundsson og Ragnar Árnason. Friðrik Már og Ragnar hafa báðir lokið grunn- og framhaldsnámi við háskóla auk doktorsprófs í greinum sem krafa er gerð um í 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum. Már hefur sömuleiðis lokið grunn- og framhaldsnámi við háskóla sem fullnægir kröfum laganna og jafnframt lagt stund á doktorsnám um skeið. Allir búa þeir yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Már sker sig þar úr hvað reynslu af bankastarfsemi varðar vegna starfa sinna í Seðlabanka Íslands um árabil, síðustu ár sem seðlabankastjóri, auk mikilvægrar reynslu sem hann öðlaðist í starfi sínu hjá Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss. Reynsla Friðriks Márs og Ragnars á þessu sviði er einna mest af fræði-, kennslu- og stjórnunarstörfum við háskóla

þar sem þeir hafa starfað um árabíl. Friðrik Már býr einnig að mikilvægri reynslu af sérfræðings- og stjórnunarstörfum hjá Þjóðhagsstofnun og í stjórnnum fyrirtækja. Ragnar þekkir vel til starfa Seðlabanka Íslands eftir setu í bankaráði hans undanfarin fimm ár auk fleiri stjórnunarstarfa. Þeir hafa allir góð tengsl á alþjóðlegum vettvangi. Hvað viðkemur stjórnunarhæfileikum og stjórnunarreynslu þá hafa þeir allir þrír umtalsverða reynslu á því sviði. Reynsla Más er fyrst og fremst í Seðlabanka Íslands, síðast sem seðlabankastjóri undanfarin fimm ár, og hjá Alþjóðagreiðslubankanum í Sviss. Reynsla Friðriks Más og Ragnars af stjórnunarstörfum er víðtækust innan veggja háskólasamfélagsins auk þess sem þeir hafa átt sæti í mörgum stjórnnum og ráðum. Þá hefur Friðrik Már reynslu af stjórnunarstörfum hjá Þjóðhagsstofnun, þar á meðal sem settur forstöðumaður í eitt ár. Þeir komu allir vel fyrir í viðtölum sem tveir nefndarmanna tóku við umsækjendur, áttu auðvelt með að koma fyrir sig orði og færa rök fyrir máli sínu.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að það sé verkefni hennar að leggja mat á hæfni umsækjenda til að gegna embætti seðlabankastjóra og er þess óskað að nefndin skili stuttri rökstuddri umsögn um hæfni hvers umsækjanda og rökstuddu álitni á því hverja nefndin telur hæfasta meðal umsækjenda. Í köflum 5.1 til 5.5 er fjallað um þá sjö umsækjendur sem uppfylltu grundvallarhæfnisskilyrði laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum og lagt mat á hæfni þeirra með hliðsjón af þeim fimm atriðum sem talin voru upp í skipunarbréfi nefndarinnar. Í 6. kafla er síðan sérstaklega fjallað um þá sem nefndin telur hæfasta meðal umsækjenda að teknu tilliti til þeirra hæfnisþátta sem lagðir eru til grundvallar matinu.

Ólöf Nordal kom að allri málsmeðferð nefndarinnar fram til 14. júlí sl., þar á meðal gerð þessarar umsagnar og undirbúningi viðtala. Hún tók ekki þátt í viðtölum við umsækjendur sem fram fóru 14. og 15. júlí sl. og kom ekki að lokagerð umsagnarinnar vegna forfalla.

Ályktarorð:

Með vísun til 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, er það niðurstaða nefndar sem fékk það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra að Friðrik Már Baldursson, Már Guðmundsson og Ragnar Árnason séu allir mjög vel hæfir til að hljóta embætti seðlabankastjóra sem auglýst var laust til umsóknar 2. júní 2014 í Lögbirtingablaði og á vefnum.

Reykjavík, 17. júlí 2014.

Guðmundur Magnússon

Stefán Eiríksson

**Spurningar nefndar um mat á hæfni umsækjenda
um embætti seðlabankastjóra til umsækjenda**

1. Hver er ástæða þess að þú sóttir um embætti seðlabankastjóra og hvað er það sem þú hefur sérstaklega til að bera/fram að færa til að gegna þessu starfi?
2. Hvaða verkefni af þeim sem framundan eru á verksviði Seðlabanka Íslands, einkum að því er varðar stjórn peningamála, telur þú vera mikilvægust?
3. Ef þú yrðir fyrir valinu í embætti seðlabankastjóra hvert þeirra verkefna sem þú hefur nefnt myndirðu leggja mesta áherslu á fyrstu misserin í starfi?
4. Meðal krafna sem fram koma í auglýsingu eru stjórnunarhæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum. Hverjir eru styrkleikar og veikleikar þínir á þessum sviðum og geturðu nefnt dæmi þar sem reynt hefur á þessi atriði í starfi hjá þér?
5. Hver er erfiðasta ákvörðun sem þú hefur tekið í starfi og hvaða atvik hefur þú tekið mest nærri þér á starfsferlinum?
6. Er eitthvað sem þú vilt bæta við eða annað sem þú vilt taka fram að lokum?